



## TÍMABUNDNAR REGLUR STYKKISHÓLMSBÆJAR UM SVEIGANLEIKA Í INNHEIMTU OG GJALDFRESTUM

Stykkishólmur mun tímabundið auka sveiganleika í inheimtu og gjaldfrestum sem felur í sér aukinn sveigjanleika varðandi greiðslufresti í ljósi tímabundins tekjufalls og óvissu sem náí hvoru tveggja til heimila og fyrirtækja.

Reglurnar eiga ekki við um gjöld sem greiða þarf áður en ákveðin þjónusta er veitt í skipulags- og byggingarmálum.

### i. SVEIGANLEIKI FYRIRTÆKJA

Fyrirtækjum verði gefinn kostur á að fresta allt að þremur gjalddögum fasteignagjalda atvinnuhúsnæðis vorið 2020.

- Skilyrði til þess að nýta úrræði um frestun fasteignagjalda atvinnuhúsnæðis tekur mið af skilyrðum í [lögum nr. 25/2020 ásamt lögskýringargögnum](#).
- Veittur verði frestur á greiðslu allt að þriggja gjalddaga fasteignagjalda atvinnuhúsnæðis vegna ársins 2020 og er hámarksfrestur til 15. janúar 2021.

Stykkishólmur mun tímabundið jafnframt auka sveiganleika í inheimtu og gjaldfrestum á greiðslum á gjalddaga til 1. júlí 2020 sem felur í sér aukinn sveigjanleika varðandi greiðslufresti í ljósi tímabundins tekjufalls og óvissu. Skilyrði sveigjanleika fyrirtækja hvað varðar aðrar greiðslur tekur mið af skilyrðum vegna fasteignagjalda og eiga við um kröfur sem eru á gjalddaga til 1. júlí 2020.

- Hægt er að óska eftir að lengja eindaga í allt að 90 daga á allt að þremur kröfum á gildistíma reglnanna.
- Hægt verður að óska eftir allt að 3 mánaða greiðsludreifingu á almennum kröfum sem lengt verður í eindaga í samráði við Stykkishólmur.

Skilyrði frestunar fyrirtækja samkvæmt framangreindu eru meðal annars:

- Skyndilegt, ófyrirséð og verulegt tekjufall á árinu 2020 sem leiðir af almennum samdrætti innanlands og á heimsvísu vegna COVID-19.
- Aðilar eru ekki í vanskilum á opinberum gjöldum, sköttum og öðrum greiðslum til Stykkishólmsbæjar í lok ársins 2019.
- Aðrar útilokunarástæður í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum, sbr. bráðabirgðaákvæðis í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987.

Atriði sem geta útilokað fyrirtæki frá fresti:

- Ef arði er úthlutað eða eigin hlutir keyptir á árinu 2020 eða úttekt eigenda innan ársins 2020 fer umfram reiknað endurgjald þeirra.
- Ef önnur skilyrði laganna (nr. 45/1987, með síðari breytingum) fyrir frestun eru ekki uppfyllt.

Fyrirtæki skulu hafa sótt um sambærilega frestun opinberra gjalda hjá Skattinum og skili með umsókn sinni móttökuvittun frá Skattinum fyrir slíkri umsókn. Ekki verður veittur frestur á fasteignasköttum og fasteignagjöldum á opinberum byggingum.



**ii. SVEIGANLEIKI EINSTAKLINGA**

Stykkishólmur mun tímabundið auka sveiganleika í inheimtu og gjaldfrestum á greiðslum einstaklinga sem eru á gjalddaga til 1. júlí 2020 sem felur í sér aukinn sveigjanleika varðandi greiðslufresti í ljósi tímabundins tekjufalls þegar eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi.

- Einstaklingar skulu sýna fram á a.m.k. 25% tekjufall í mars og apríl að teknu tilliti til meðaltekna samkvæmt skattframtali 2019.
- Hægt er að óska eftir að lengja eindaga í allt að 90 daga á allt að þremur kröfum í hverjum gjaldaflokki almennra krafna sem til eru á gjalddaga til 1. júlí 2020 (þ.e. kröfum vegna veittrar þjónustu) á gildistíma reglnanna.
- Hægt verður að óska eftir allt að 3 mánaða greiðsludreifingu á almennum kröfum sem lengt verður í eindaga í samráði við Stykkishólmur.